

KORNID

Fréttabréf Akurskóla • 8. árgangur • 2. tölublað • maí 2012

Börn eru gleðigjafar, skapandi og fróðleiksbús



ÁRSHÁTÍÐ AKURSKÓLA 2012



Þann 23. mars héldu nemendur og kennarar Akurskóla árshátíð. Mikill undirbúningur hafði verið fyrir þennan dag. Allir voru búnir að leggja hart að sér við æfingar á atriðum og skreytingu á skólanum. Mikil fjölbreytni var á atriðum, allt frá söngatriðum til myndbanda. Aðstandendur sáu til þess að borðin svignuðu undan kræsingum sem veittar voru góðar viðtökur. Allir voru glaðir og ánægðir með daginn og fóru glaðir heim.

ÉG OG ÞÚ

Foreldrum nemenda í 1. – 7. bekk Akurskóla var boðið að taka þátt í námskeiðunum „Ég og þú, þú og ég við tvö saman“ ásamt börnum sínum. Námskeiðin njóta ávallt mikilla vinsælda og þeim fjölgar með hverju ári sem taka þátt. Að þessu sinni fengu foreldrar og nemendur að spreyta sig á bakstri, hönnun á hárskrauti, klippimyndagerð, kertastakagerð úr gosdósum, töskugerð úr notuðum bolum og einföldum tilraunum. Við viljum þakka starfsmönnum skólans sem lögðu hönd á plóg og stóðu fyrir þessum námskeiðum og einnig Hörpu Kristínu Einarsdóttur sem er skólaforeldri hjá okkur.





Vorferð 1. bekkjar

Miðvikudaginn 9. maí fóru 1. bekkjarar í vorferðalag. Förlinn var heitið að sveita-bænum Bjarteyjarsandi í Hvalfirði. Allir voru mjög spenntir og þó bílferðin væri löng þá leiddist engum. Sérstaklega var gaman að aka um Hvalfjörðinn og leita að fallega flughvalnum sem við lásum um fyrir stuttu. Á Bjarteyjarsandi er fjárbúskapur og vorum við svo heppin að á meðan við skoðuðum fjárhúsin sáuð við á bera. Mörgum fannst það skýtin sjón en aðrir horfðu heillaðir á þegar ærin hreinsaði lömbin sín sem stóðu svo upp stuttu síðar og vildu fá að drekka. Í hlöðunni var hægt að klappa kaninum, hestum og lambi og leika sér í



heyinu, sem sló í gegn hjá strákunum.

Fyrir neðan Bjarteyjarsand er falleg fjara þar sem svo sannarlega er hægt að finna margan fjársjóðinn.

Skeljum, steinum og fiskibeinum var safnað og þau tekin með heim. Börnin voru mjög frjáls í fjörunni og fengu að vaða bæði í ánni og í sjónum. Margir urðu vel blautir en allir nutu frelsisins og skemmtu sér vel.

Áður en haldið var heim á leið grilluðum við pylsur og nutum sólarinnar. Sannanlega vel heppnaður dagur í alla staði.



Pósthúsferð

Hefð er orðin fyrir því að nemendur 1. bekkjar heimsæki pósthúsið í Reykjanesbæ. Kemur það til af því að lesin er fyrir þau bókin „Gula sendibréfið“ eftir Sigrúnu Eldjárn og í framhaldi vinna nemendur ýmis verkefni tengd bókinni og er eitt þeirra að skrifa bréf til foreldra sinna og búa til umslag utan um það. Mikil leynd hvílir yfir bréfaskrifunum, það má ekki segja frá og gengur það misvel eins og við má búast af nemendum í 1. bekk. Mjög áberandi er samt hvað það reynist öllum auðvelt að skrifa, þá kvartar enginn yfir því að þurfa skrifa fimm línur. Nemendur fá síðan að setja frímerki á bréfin og póstleggja þau í pósthúsferðinni. Pósthússtjórinn hún Anna tekur alltaf vel á móti okkur og útskýrir hvaða hlutverki pósthúsið gegnir. Á heimleiðinni þetta árið stoppuðum við aðeins á Fitjunum og kíktum á fuglalífið þar. Mikil kátína var síðan yfir undrun foreldranna þegar þau fengu óvænt bréf inn um bréfalúguna.



Brúum bilið – samstarf leikskóla og grunnskóla

Á vordögum komu elstu hópar leikskólabarna frá Akri og Holti í heimsókn og fóru í íþróttir með nemendum 1. bekkjar. Þetta var fjórða heimsókn þeirra í skólann. Þar fengu þau tækifæri til að spyrja kennarann og nemendur spurninga um það sem þau langaði að vita um skólastarfið og vinna verkefni. Þau tóku einnig þátt í Þorapema með 1. bekkjum í janúar og á Degi íslenskrar tungu í nóvember kom allur hópurinn saman á sal og hlýddi á höfund lesa úr bókum sínum. Nemendur í 1. bekk fóru í heimsókn í báða leikskólana, Holt og Akur. Í haust hefja 55 leikskólabörn skólagöngu sína í Akurskóla.



Unnið með söguaðferðina

Nemendur í 2. og 3. bekk hafa undanfarnar vikur verið að vinna að gerð söguramma út frá Söguaðferðinni. Söguaðferðin er kennsluáðferð sem gerir okkur kleift að samþætta viðfangsefni námskrárinnar. Nemendurnir hafa unnið með bókina *Komdu og sjáðu hvað dýrin gera* og hafa út frá henni unnið að gerð dýragarðs. Nemendur tóku í sameiningu allar ákvarðanir sem þurfti að taka í sambandi við hann, eins og hvaða dýr voru þar, hverjir störfuðu þar,



hverjir komu í heimsókn o.s.frv. Einnig fóru fram umræður um það hvað gerist í dýragörðum, hvað dýrunum er gefið að borða og hvernig umhverfi þarf að vera

þar s.s. byggingar, gróður og vatnssvæði, svo fátt eitt sé nefnt. Hver og einn nemandi skapaði svo sitt eigið dýr og persónu og skrifaði lýsingu á því. Að lokum voru dýrin og persónurnar færðar inn í dýragarðinn. Eins og sjá má á þessum myndum fór skemmtileg og skapandi vinna fram þegar nemendur unnu að verkefninu. Söguramminn mun svo standa í kennslurýminu og hægt er að nýta hann í ýmislegt tengt öðrum verkefnum sem eru framundan.

Heimsókn frá Bláa hernum

Fimmtudaginn 3. maí fengu nemendur í 4. og 5. bekk góðan gest í heimsókn. Tómas J. Knútsson frá Bláa hernum kom til okkar og fræddi nemendur um umhverfismál ásamt því að kynna fyrir þeim Bláa herinn. Blái herinn var stofnaður árið 1998 og hefur beitt sér fyrir margvíslegum umhverfisverkefnum, einkum hvað snertir hreinsun strandlengjunnar og sjávar. Blái herinn hreinsar hafnir og strandlengjuna af hvers kyns rusli, spilliefnum og öðru því sem mengað getur hafið. Eftir nokkur ár við hreinsun hafsins var einnig farið í að hreinsa til uppi á



landi. Árið 2003 hlutu samtökin Umhverfisverðlaun Reykjanesbæjar og árið 2004 hlutu þau Umhverfisviðurkenningu Pokasjóðs og Ungmennafélags Íslands.

Tommi kom með kistu fulla af dóti sem hann hafði náð í á hafsbotni. Þar var meðal annars gamall farsími, skeljar og heilakórall svo fátt eitt sé nefnt. Á sl. fimmtán árum hefur Tommi ásamt sjálfboðaliðum í Bláa hernum safnað 930 tonnum af rusli, jafnt í hafi sem á landi. Eftir þessa kynningu var ákveðið að fara með Tomma nú í maí og tína rusl í kringum tjarnirnar í Innri-Njarðvík.



Páskalistaverk

Síðustu dagana fyrir páskafrí tókum við fyrir páskaþema í 1. bekk. Við veltum því fyrir okkur af hverju við séum að fara í páskafrí, hvað gerðist á pálmásunnudag, skírdag, föstudaginn langa og páskadag. Við endum svo alltaf á því að gera listverk um þessa daga. Eins og endranær urðu til einstaklega fallegar myndir sem hafa verið til sýnis fyrir framan 1. bekkjarrýmið, öllum til yndisauka.



Listaverk í leiðinni á Kaffitári

Akurskóli tók þátt í verkefninu *Listaverk í leiðinni*, en það er yfirskrift sýningar grunnskólanna í Reykjanesbæ og eru sýningarstaðirnir hér og þar um bæinn. Nemendur Akurskóla sýndu litrík og skemmtileg verk úr myndmennt, textíl og smíði á Kaffitári og tóku þau sjálf þátt í að setja upp sýninguna sem var vel heppnuð.





Vorferð Arna

Á frídegi verkalýðsins lögðu Ernir ásamt fararstjórum í ferð norður í land. Tilefnið var vorferð nemenda í 10. bekk og áfangastaðurinn var Bakkaflöt sem er nálægt Varmahlíð í Skagafirði. Við komuna var farangri komið fyrir á herbergi áður en farið var í litbolta. Nemendur sýndu mikinn ákafa en öll komust við þó frá þessu stórslysalaust og var það einna helst eyrað á Gumma sem vakti athygli þrátt fyrir að allir bæru þess merki að þeir hefðu tekið þátt. Í ferðinni tókust nemendur á við klett sem þeir ýmist sigu niður eða klifruðu upp undir

öruggu eftirliti björgunarsveitarmanna. Eitt eftirminnilegasta atvik ferðarinnar var þegar Ingunn festi hárið í klifurgæjunum en þá var gott að vera með vaska menn á staðnum sem kunnu til verka og leystu Ingunni á svipstundu við mikinn fögnuð nemenda. Fljótasiglingin var einnig eftirminnileg en þar tókust nemendur á við náttúruöflin. Kaldir og þreyttir nemendur eyddu góðri stund í heitum pottum að lokinni þeirri ferð. Þrautagarður Bakkaflatar tók vel á og margir sýndu flotta takta. Ekki voru þó allar ferðir eins spennandi

en hópurinn ætlaði varla að nenna að fara í fjárhúsaferð. Þar var þó enginn svikinn enda heilluðu lítil nýfædd lömb alla upp úr skónum. Við skoðuðum Sauðárkrók og fræddumst um nágrannaerjur á Hofsós áður en slappað var af í sundlauginni á Hofsós þar sem boðið er upp á frábæra aðstöðu og stórfenglegt útsýni. Nemendur voru sér og okkur fararstjórum til mikils sóma í allri ferðinni og veit ég að þessi ferð gleymist seint.

*Þormóður Logi Björnsson
umsjónarkennari Arna*

Benni Kalli í heimsókn

Berent Karl Hafsteinsson, eða Benni Kalli eins og hann er kallaður, kom í eftirminnilega heimsókn til Arna, 10. bekkjar þann 18. apríl. Hann náði að fanga og halda athygli alls hópsins allan þann tíma sem á heimsókninni stóð, enda áhrifamikil reynsla sem hann hafði að segja frá.

Tilgangur heimsóknarinnar var að benda unglingunum á að ekki er allt fengið með getunni að aka kröftugu bifhjól og ekkert er gefið í þessu lífi. Á sekúndubroti fyrir 20 árum breyttist heimur Benna Kalla þegar hann missti stjórn á mótorhjól sínu og slasaðist svo alvarlega að honum var vart hugað líf. Afleiðingar slyssins voru 47 beinbrot og í kjölfarið þurfti að taka af honum annan fótinn og notast hann við mismunandi gervifætur í dag eftir því hvað hann er að gera. Benni Kalli skipti um fót fyrir framan bekkinn og leyfði tveimur nemendum að snerta stubbinn og finna vöðvaviðbrögð þegar hann hugsaði sér að hann væri að hreyfa fótinn. Hann var með




myndasýningu í gangi á meðan hann talaði við krakkana og fór með þeim í gegnum líf sitt bæði fyrir og eftir slys á

mjög opinskáan máta sem skildi engan eftir ósnortinn. Leiðin til þeirrar heilsu sem Benni Kalli býr við í dag er búin að vera löng og ströng og verður það áfram en í raun má segja að það sé full vinna að halda henni á þessu stigi. Bara það að koma svona fram reynir mjög mikið á hann og fór það ekki framhjá neinum.

Við þökkum Benna Kalla kærlega fyrir komuna og óskum honum alls velfarnaðar í framtíðinni. Um leið vonum við heitt og innilega að varnaðarorð hans virki vel á nemendur Akurskóla.

Miklar framfarir í læsi í Akurskóla

Í Reykjanesbæ hafa samræmdar lesskimanir verið lagðar fyrir nemendur í 2., 3. og 6. árgangi. Lesskimunarprófið LOGOS var lagt fyrir nemendur í 3. og 6. árgangi skólanna fyrr í vetur. Þar var mældur leshraði, lesskilningur, lestur með hljóðaaðferð og lestur út frá rithætti. Samkvæmt niðurstöðum þeirra mælinga sýndu nemendur okkar í 3. árgangi bestan árangur í lesskilningi og næst bestan árangur í leshraða miðað við jafnaldra þeirra í Reykjanesbæ. Niðurstöðurnar sýndu að 72% nemenda fóru yfir efsta viðmiðið sem sýnir góða stöðu í lesskilningi og 66% nemenda fóru yfir efsta viðmiðið sem sýnir góða stöðu í leshraða. Nemendur okkar í 6. bekk sýndu þriðja bestan árangur í lesskilningi og annan bestan árangur í leshraða miðað við jafnaldra þeirra í Reykjanesbæ. Þá sýndu niðurstöður að 62% nemenda fóru yfir efsta viðmið sem sýnir góða stöðu í lesskilningi og 52% nemenda fóru yfir efsta viðmið sem sýnir góða stöðu í leshraða. Lesskimunin *Læsi 2* var lögð fyrir nemendur 2. bekkjar í apríl og hefur Akurskóli tekið þátt í þeirri lesskimun frá stofnun skólans. Í *Læsi 2* er ekki mældur leshraði heldur er einblínt á þætti sem segja til um lesskilning nemenda þó skal á það bent að nemendur fá



Lestrarárangur
Akurskóla 2006-2012

■ Undir 65% árangri
■ 65% árangur og yfir



aðeins fyrirfram ákveðinn tíma til þess að svara prófinu og skiptir þá miklu máli að vera sem fljótastur að lesa. Nemendur eiga að tengja setningar við mynd, hlusta og svara spurningum, velja orð út frá efni og/eða samhengi, lesa og svara spurningum og lesa fyrimæli og framkvæma þau. Þeir nemendur sem ná 65% árangri í þessum prófþáttum eiga að geta lesið sér til gagns og þeir sem ná yfir 95% árangri teljast fluglæsir. Um 71% nemenda náðu 65% árangri samkvæmt *Læsi 2* og er það þriðji besti árangur miðað við grunnskóla Reykjanesbæjar en tveir skólar deila því sæti saman. Þar af fóru 4% nemenda yfir 95% viðmiðið og teljast því fluglæsir. Þessi árangur er jafnframt besti árangur nemenda 2. bekkjar Akurskóla frá því mælingar

hófust og má geta þess að 30% fleiri nemendur ná þessum árangri nú miðað við mælingar frá síðasta ári en þá náðu rúmlega 54% nemenda þessum árangri.

Niðurstöður *Læsis 2* sýna að stúlkurnar okkar sýna betri árangur en drengirnir, en því var öfugt farið í fyrra. Þessar niðurstöður sýna einnig að stúlkurnar í 2. árgangi sýna betri árangur stúlkna nú en í fyrra og drengirnir í 2. árgangi í ár sýna slakari árangur miðað við drengi sem tóku *Læsi 2* á síðasta ári. Á súluritinu sést hlutfall nemenda sem hafa náð 65% árangri í *Læsi 2* og þeirra sem eru undir þeim viðmiðunum.

Þegar allar þessar skimanir eru skoðaðar leikur enginn vafi á því að nemendur okkar eru að sýna miklar framfarir í læsi og óskum við þeim til hamingju með árangurinn. Við teljum að lestrarkennslaðferðirnar sem hafðar eru að leiðarljósi í Akurskóla, þ.e. *Byrjendalæsi* og *Orð af orði* séu að skila okkur þessum bætta árangri í lestri. Gleymum þó ekki því að sá tími sem börnin eyða í bókalestur er mjög mikilvægur og forsenda þess að börnin sýni framfarir í lesskilningi og leshraða. Við viljum hvetja alla nemendur til þess að vera duglegir að lesa í sumar og foreldra biðjum við að fylgja því eftir. Megið þið eiga ánægjulegt „bókasumar.“

Jónína skólastjóri

Hetja í Akurskóla

Nýlega vann Aníka Mjöll Júlíusdóttir, 10 ára nemandi í Höfrungum það frækilega afrek að bjarga lítilli stúlku frá drukknun í Vatnaveröld. Aníka sem æfir sund með ÍRB, sá barnið ofan í lauginni og hélt fyrst að þetta væri dúkka, en áttaði sig fljótlega hvað var að gerast og bjargaði lífi litlu stúlkunnar með snarræði sínu og hárréttum viðbrögðum. Sannarlega glæsilegt afrek hjá Aníku Mjöll.





Frá foreldrafélaginu

Í Akurskóla er starfandi foreldra-félag FFA sem foreldrar verða sjálfkrafa félagar í þegar börn þeirra hefja nám við skólann.

Starf foreldrafélags Akurskóla hefur verið með hefðbundnu sniði það sem af er þessum vetri. Samstarf við skólann hefur verið með góðu móti í vetur og í samvinnu við skólastjórnendur voru haldnir nokkrir fundir með kynningum, fræðslu og spjalli. Einnig tókst mjög vel upp með Ég og þú námskeiðin sem voru fjölsótt af nemendum og foreldrum. Laufabrauðsgerð og páskabingó var á sínum stað og ánægjulegt hversu margir sóttu þessa viðburði. Foreldrafélagið hefur líka styrkt ýmis málefni sem tengjast skólastarfinu og reynir að búa þannig um hnútana að allir nemendur skólans njóti góðs af.

Aðalfundur félagsins var haldinn mánudaginn 14. maí sl. Fyrir utan

hefðbundin aðalfundarstörf voru foreldrum kynntar niðurstöður Olweusarkönnunar sem lögð var fyrir nemendur í nóvember sem og niðurstöður úr læsiskönnun. Einnig fór fram áhugaverð kynning verkefninu „Orð af orði“ sem er einskonar framhald af byrjendalæsi sem margir foreldrar þekkja orðið vel til. Það var reglulega gaman að sjá að nemendur Akurskóla standa framarlega í læsiskönnun og hafa bætt sig jafnt og þétt undanfarin ár og einnig að fleiri nemendur sem svara því til að þeim líði vel í skólanum þegar tölur úr Olweusarkönnuninni eru bornar saman við tölur síðasta árs. Í lok aðalfundar sköpuðust fjörlegar

umræður um ýmis mál sem eru foreldrum hugleikin, eins og virkni bekkjarfulltrúa, styrkir til skólaferða, breytt tilhögun laufabrauðsgerðar og páskabingós og fleira. Það má lesa sér betur til um það í fundargerð á heimasvæði FFA á vefsíðu skólans www.akurskoli.is. Á þessum aðalfundi FFA urðu nokkrar breytingar á stjórn félagsins. Fráfarandi formaður gaf ekki kost á sér áfram né heldur þrír aðrir stjórnarmenn. Í stað þeirra gáfu kost á sér Jóna Guðrún Jónsdóttir til formanns, Agnes Ásgeirsdóttir, Þóra Guðrún Einarsdóttir og Hrefna Tómasardóttir til stjórnarsetu. Tveir varamenn voru kosnir til eins árs, þeir Þórhallur og Örn Ævar. Guðmunda Hergeirsdóttir gaf kost á sér sem fulltrúi foreldra í skólaráði. Eru þau boðin velkomin til starfa og þökk sé öllum þeim sem hafa lagt foreldrafélaginu lið sitt í vetur.

Stærðfræðikeppni grunnskólanna

Stærðfræðikeppni grunnskólanema fór fram í Fjölbrotaskóla Suðurnesja (FS) föstudaginn 23. mars sl. Þátttakendur voru 154 úr öllum grunnskólunum á Suðurnesjum. Í ár tóku átta nemendur úr Akurskóla þátt, einn úr 8. bekk, fjórir úr 9. bekk og þrír úr 10. bekk. Í vikunni fyrir keppnina skoðuðu nemendur dæmi frá fyrri keppnum og undirbjuggu sig. Á keppnisdaginn var árshátíð í Akurskóla og mættu nemendur upp í FS að henni lokinni kl. 14 þar sem boðið var upp á pizzu og gos. Keppnin hófst síðan kl. 14.30 og stóð til kl 16:00. Mánudaginn 16. apríl var þeim Halli Kristni Hallssyni og Teiti Ara Theodórssyni boðið á mæta á verðlaunaafhendingu í FS þar sem veittar voru viðurkenningar fyrir góðan árangur. Hallur Kristinn lenti í 7. - 10. sæti meðal 9. bekkinga og Teitur Ari lenti hann í 4. sæti meðal 10. bekkinga. Við óskum þeim innilega til hamingju með árangurinn. Stefnt er að því að í framtíðinni verði þátttaka í þessari keppni fastur liður í skólastarfi Akurskóla.



Stærðfræðisnillingar

Á miðönn var ráðist í heilmiklar breytingar á stærðfræðivinnu nemenda í 2. og 3. bekk. Nemendur fá stærðfræðiprautir sem eru valdar með hliðsjón af þeirri vitneskju sem kennarinn hefur um hugsun einstakra barna. Lögð er áhersla á að inntak verkefnanna sé nemendum ekki framandi heldur kunnug og þeir séu færir um að kalla fram fyrri reynslu til að takast á við verkefnin. Nemendur eru hvattir til að tala um verkefnin og nota eigin lausnaleyðir, þeir leysa verkefnin á mismunandi hátt og þurfa að gera grein fyrir lausninni og rökstyðja hana. Nemendum er kennt að nota margvíslegar lausnaleyðir og þeir eru hvattir til að reyna að finna nýjar leiðir við lausnir þeirra verkefna sem um ræðir. Nemendur hafa einnig leyst verkefni þar sem lögð er áhersla á hlutbundna vinnu í stærðfræði. Nemendur nota þvottaklemmur þegar þeir velja stöð þar sem þeir leysa mismunandi verkefni og hefur því þessi stöðvavinna hlotið nafnið „klemmuval“. Á stöðvunum reynir á að nemendur lesi fyrirmæli og leysi fjölbreytt verkefni í speglun, þrívídd, tvívídd, mynstri og talnaskilningi. Þessi vinna er algjör undirstaða þess að nemendur geti leyst flóknari stærðfræðiverkefni á eldri stigum og má þá nefna algebru og rúmfræði.





Óvissuferð „Flott án fíknar“

Í Akurskóla er starfandi forvarnarklúbburinn **Flott án fíknar** en það er verkefni á vegum UMFÍ.

Flott án fíknar er verkefni sem tekur til þriggja þátta sem eru neysla tóbaks, áfengis og fíkniefna. Verkefnið byggist á samningsbundnu klúbbastarfi og viðburðadagskrá þar sem unglingar skemmta sér saman á heilbrigðan og uppbyggilegan hátt, þeim að kostnaðarlausu. Í lok skólaárs er svo farið í óvissuferð. Þetta er þriðja árið sem Akurskóli tekur þátt í verkefninu með frábærum árangri.

Óvissuferð Flott án fíknar fyrir þetta skólaár var farin

helgina 20. - 22. apríl. Lagt var af stað eftir hádegi á föstudeginum og komið til baka seinni partinn á sunnudeginum. Krakkarnir höfðu engan grun um hvert ferðinni var heitið en það er einmitt það skemmtilega við óvissuferðir. Það var ekki fyrir en við beygðum inn afleggjarann á skólabúðunum á Laugum í Sælingsdal að krakkarnir urðu róleg þar sem mörgun fannst óvissan mjög erfið. Þegar komið var að Laugum tókum við farangur úr rútunni og gengum frá því helsta og drifum okkur á Erpsstaði. Þar tóku hjónin Helga Elínborg Guðmundsdóttir og Þorgrímur Guðbjartsson



á móti okkur og sýndu okkur búskapinn þar á bæ. Krakkarnir fengu m.a. að prufa að mjólka beljurnar og klappa kálfunum, einnig fengu allir að smakka mjólkina og bragða á matarkexi með því. Eftir heimsóknina var haldið á Laugar, pylsum skellt í pott og um kvöldið var farið í íþróttahúsið og í sundlaugina. Laugardagurinn hófst með morgunmat og frjálsum tíma fram til kl. tvö. Þann tíma notuðu krakkarnir í sundlauginni, fóru í gönguferðir eða bara spjölluðu saman. Kl. tvö var svo farið inn í íþróttahús í leiki og keppni af ýmsum toga. Eftir það var farið í undirbúning fyrir kjóla og klæðskerakeppnina sem haldin var um kvöldið en hóparnir þurftu að hanna stelpu- og stráka kvöldfatnað

úr ruslapokum. Það var einnig mikið að gerast í elhúsinu þar sem nokkrir nemendur tóku sig til og bökuðu 10 súkkulaðikökur. Um kvöldið voru svo steiktir hamborgarar og franskar handa öllum og var stemningin í eldhúsinu að hætti Hell's kitchen. Eftir kvöldmat fóru krakkarnir í sund og eftir það hófst kvöldvaka. Krakkarnir lögðu gífurlegan metnað í hönnun sína og var útkoman í alla staði frábær. Daginn eftir skelltu krakkarnir sér í morgunmat og síðan í frágang. Á leiðinni heim var stoppað í sundlauginni í Borgarnesi og slappað af. Það var svo komið heim um hálfsex á sunnudeginum. Þetta var frábær ferð enda ekki við öðru að búast þegar svona flottir krakkar koma saman. Að lokum langar okkur, starfsmönnum sem fóru í þessa ferð, að þakka Flott án fíknar hópnum í Akurskóla fyrir góðar og skemmtilegar stundir að Laugum í Sælingsdal. *Kveðja, Lúlla, Sólveig, Birna og Ingi*





Ljósmynd: Garðar Ólafsson

Ernir kveðja Akurskóla

Ernir, sem er 10. bekkur, mun kveðja okkur og ljúka sinni grunnskólagöngu í Akurskóla í vor. Nú halda þau á ný mið og þökkum við þeim samveruna á síðustu árum og óskum þeim alls hins besta í framtíðinni.



Prestir í Keflavík

Prastahópurinn brá undir sig betri fætinum og skellti sér í dagsferð til Keflavíkur. Hópurinn byrjaði í Sundmiðstöð Keflavíkur og átti góða stund þar í veðurblíðunni. Að sundferðinni lokinni fengu krakkarnir sér að borða. Þeir enduðu daginn í Sambíóum þar sem haldin var sýning fyrir hópinn á myndinni Battleship. Hópurinn skemmti sér konunglega og mátti sjá glöggt að það þarf ekki að fara um langan veg til að eiga góða stund saman. Prestirnir eiga hrós skilið fyrir góða framkomu, kurteisi og þrúðmennsku í ferðum á vegum skólans.

Skólaslit í Akurskóla verða mánudag 4. júní

KORNID

Fréttabréf Akurskóla

Ritstjóri: Guðný Ester Aðalsteinsdóttir
Ábyrgðarmaður: Jónína Ágústsdóttir
Útlitshönnun: Magnús Valur Pálsson
www.akurskoli.is

STARFSMAÑNAKYNNING



Ég heiti **Aðalheiður Hanna Björnsdóttir** og kenni vísindasmiðju 6. - 7. bekk, náttúrufræði í 8. - 9. bekk og stærðfræði í 8. - 10. bekk.

Ég er fædd á Akureyri og ólst upp á sveitabæ í Austur-Húnavatnssýslu og í Grindavík, en varði unglingsárunum á Akureyri. Eftir að ég hóf sambúð með manninum mínum, honum Halli Kristmundssyni, höfum við búið í Reykjavík í nokkur ár, Danmörku í tæp sjö ár og svo hér í Innri-Njarðvík frá ágúst 2007. Börnin okkar eru Hallur Kristinn 15 ára, Dagur Máni 11 ára og Hanna Sigríður 6 ára. Strákarnir eru í Akurskóla og Hanna Sigga fer í 1. bekk í haust.

Ég hef alla tíð unað mér vel við nám og störf og nærri alltaf unnið með náminu og þá oftast með börnum. Ég útskrifaðist sem stúdent af náttúrufræðibraut og sem sjúkraliði 1998. Eftir nokkur ár á vinnumarkaðnum lærði ég heilbrigðisverkfræði í Danmörku í tvö ár en þá fluttum við heim til Íslands. Eftir að ég fór að vinna í Akurskóla í febrúar 2008 breytti ég um stefnu og er núna í kennaranámi við Háskólann á Akureyri með áherslu á náttúrufræði og stærðfræði. Akurskóli er æðislegur vinnustaður. Þar eru frábærir nemendur og samstarfsmenn. Ég hef yndi af því að kenna, það er eitt það fjölbreyttasta starf sem til er og engir tveir dagar eins.

Helstu áhugamál mín eru fjölskyldan, vinirnir, ræktun, dýr, föndur, ferðalög, náttúra Íslands, umhverfisvernd og margt fleira.

Ég reyni að mæta lífinu með jákvæðni og hef það mottó að ekki séu til nein vandamál, einungis verkefni til að finna lausnir á.